

RAFRÆNN REIKNINGUR – STÖÐUPPLÝSINGAR

SAMTENING NES REIKNINGS VIÐ VIÐSKIPTAKERFI

14. október 2009

Ritnefnd um samtengingar við kerfi

Mótteknir NES reikningar bókast beint í viðskiptakerfi samkvæmt tilvísunarstýringum sem skráðar eru í viðkomandi kerfi. Sendir reikningar eru á löggildu stöðluðu NES formi.

Rafræni NES reikningurinn hefur öll þau gildi (e. attributes) sem pappírsreikningurinn hefur. Rafræni reikningurinn er því ekki skjal sem hefur líf sitt sem pappír eins og skannaðir reikningar.

Sjálfvirkar bókuarvélur geta unnið úr upplýsingum úr XML reikningum fyrir bókanir á mjög skilvirkan máta. Helstu kostir bókuarvéla eru snarleg minnkun á innsláttarvillum, hraðvirkari úrvinnsla og betri samhæfing á bókuarstrengjum til kostnaðargreiningar.

Eftirfarandi dæmi sýna leiðbeinandi atriði sem þurfa að skoðast í kostnaðarbókun

Svæði sem henta til bókuar í xml reikningi

Mælt er með að eftirfarandi svæði í XML reikningi verði notuð í bókun:

<cbc:AccountingCost> Svæði fyrir leiðbeinandi bókhaldsupplýsingar eða verkupplýsingar kaupanda. Þetta svæði er bæði til á haus reiknings og á línum. Þetta svæði hentar vel fyrir t.d. kortanúmer og samningsnúmer. Einnig er hægt að hafa hér verknúmer og viðföng séu þau gefin upp af kaupanda og séu þau hin sömu fyrir allan reikninginn. Þar sem þetta er frjálst textasvæði þá þarf að gæta þess að þessi númer hafi forskeyti, sbr. Viðfang: 09397 eða Samningur: SAM11109. Þetta þarf að vera með þessum hætti svo sjálfvirkar bókuarvélur geti unnið úr upplýsingunum. Bókunarpplýsingar sem settar eru í haus og línu mættu hafa key&value fyrirkomulag svo hægt sé að samræma framsetningu viðfanga milli fyrirtækja og stofnana.

<cac:AdditionalDocumentReference> Þetta svæði er ekki notað beint fyrir bókun en það er hægt að setja ýmsar ítarupplýsingar hér. Þetta svæði er m.a. notað fyrir viðhengi sem kunna að koma með og vefslóð inn á þjónustuvefi fyrirtækja.

<cac:InvoiceLine>

<cac:AllowanceCharge> Aukaupplýsingar um afslætti og aukagjöld sem hægt er að setja á línur. Þessar upplýsingar eru ekki notaðar til tæknilegs útreiknings, eingöngu til frekari skýringar.

<cbc:Description> Lýsing á vöru í línu. Þetta er frjálst svæði og ætti að vera lýsandi fyrir hvað er verið að rukka þar sem upplýsingarnar birtast að jafnaði í samþykktarferli eða uppáskrift. Ekki er hægt að ráðleggja notkun þessa svæðis til sjálfvirkar bókuar. Þessi reitur er notaður fyrir almennar athugasemdir/leiðbeiningar í línu reiknings. Mælt er með þessu svæði sem leiðbeinandi fyrir bókun. Þá geta bókarar notað upplýsingar hér til að skilgreina sjálfvirka bókun (á síðari reikningum) út frá þeim kóða sem er í <Accounting Cost>.

<cbc:Note> Athugasemd á línu. Stuðningssvæði við lýsingu á línu. Ekki er æskilegt að nota þetta svæði í sjálfvirkri bókun.

<cbc:AccountingCost> Leiðbeinandi bókunarupplýsingar á línunum. Sambærilegt svæði og í haus reiknings.

<cac:Item>

<cac:SellersItemIdentification> Vörunúmer seljanda. Gott er að nota vörunúmer seljanda ef það þarf að aðgreina á línunum. Vörunúmer seljanda ættu að jafnaði að breytast lítið.

<cac:CommodityClassification> Flokkun vöru samkvæmt UN/SPSC vöruflokkunarkerfinu. Það getur aðstoðað við gerð almennra bókunarregla við óregluleg innkaup, svo sem skrifstofuvörur.

<ClassifiedTaxCategory> VSK flokkur á línu. Getur bæði verið stöðluð ID og í %.

<cac:AdditionalItemProperty> Auka upplýsingar á línu, t.d. vegna rafrænnar samþykktar og bókunar, t.d. símanúmer, fastanúmer mæla, verknúmer, verkþættir, farþegi, handhafi korts, viðfang, flokkun, t.d. bensín v/diesel, sölustaðir. Sem sagt frjálst svæði fyrir ítarupplýsingar.

<cbc:PriceAmount> Upphæð línu. Ekki beint notað til bókunar en spilar inn í vegna samþykktar og uppáskriftar.

Dæmi um gerð og úrvinnslu reikninga úr mismunandi atvinnugreinum

Fjarskipti

- Haus: Símanúmer / þjónustunúmer.
- Línur: Mánaðargjöld, notkun, afsláttur.

Fjarskiptareikningar, sbr. Símann og Vodafone. Upplýsingar um viðskiptareikningsnúmer og aðra fasta sem eru gefnir upp að beiðni kaupanda ætti að birta í **<AccountingCost>** í haus eða í lýsingu í haus. Símanúmer og notendanöfn ætti að birta í **<AccountingCost>** á línunum eða undir **<Additional Item Property>** fyrir hverja línu.

Orkuveitur (rafmagn, hiti, vatn)

- Haus: Mælismúmer / staðsetning.
- Línur: Rafmagn / heitt vatn / kalt vatn eru með mismunandi virðisauka.

Staðsetning ætti að koma fram í lýsingu í haus og á línu reiknings.

Vörunúmer seljanda ætti að gefa til kynna hvaða vöru er um að ræða og í hvaða flokk hún er. Fastanúmer mælismúmer ætti líka að gefa upp undir annað hvort additional item property eða **<AccountingCost>**. Sé tegund vörunnar ekki skýrt í vörunúmeri eða í lýsingu þá verður viðhald sjálfvirkra bókhaldsreglna of flókið.

Eldsneyti (rekstur bifreiða)

- Haus: Fastanúmer bifreiðar / kortanúmer.
- Línur: Eldsneyti, önnur rekstrarvara.

Kortanúmer og/eða fastanúmer bifreiðar fer í **<AccountingCost>** í haus. Vörur á línunum yrðu skilgreindar með vörunúmerum seljanda. Hér myndast líka tækifæri til að útfæra UN/SPSC flokkun í bókun.

Vátryggingar (bifreiða og húsnæðis)

- Haus: Fastanúmer bifreiðar / samningsnúmer /númer húsnæðis.

AccountingCost í haus eða á línunum.

Öryggisgæsla

- Haus: Staðsetning / samningsnúmer.
- Línur: Samningsgjöld / tilfallandi vinna / útköll.

Reikningarnir skiptast væntanlega í tvo flokka. Þ.e. samningsbundna reikninga þar sem samningsnúmerið fer í **AccountingCost** og svo tilfallandi reikninga vegna útkalla. Það væri hægt að biðja seljandann um að láta t.d. viðfang fylgja með í **<AccountingCost>** eða að útköll fari alltaf á sama verknúmerið.

Flutningsaðilar

- Haus: Sendingarnúmer / pöntun.

Í profile 4 þá er best að setja sendingar/pöntunarnúmerið í **AccountingCost**. Einnig er hægt að notast við **<cac:OrderReference>**.

Leigubílar, sendibílar

- Haus: Beiðnanúmer. (Mikið af pappírabeiðnum hér).

Það yrði að fá starfsfólk til að gefa upp t.d. viðfang eða verknúmer sem kæmi svo fram í AccountingCost.

Opinber gjöld (Sveitafélög, ríki, tollstjórinn, ýmsar skoðunarstofur)

- Haus: Fastnúmer bifreiðar (bifreiðagjald, úrvinnslugjald, þungaskattur, skoðunargjald).
- Haus: Númer fasteignar.

<AccountingCost> og vörunúmer seljanda yrðu mest notuð í þessu samhengi.

Ræsting og þrif

- Haus: Deild / staðsetning.

<AccountingCost>

Húsaleiga

- Haus: Deild / staðsetning / samningsnúmer.

<AccountingCost>

Sorpeyðing

- Haus: Deild / staðsetning / samningsnúmer.

<AccountingCost>

Rekstrarleiga / fjármögnunarleiga

- Haus: Fastnúmer bifreiðar / tækis.

<AccountingCost>

Þjónustusamningar við þjónustuaðila

- Haus: Viðskiptareikningur / samningsnúmer.

Viðskiptareikningar fara í <cac:PartyIdentification> en samningsnúmer í <Accounting Cost>

Almennt í öllum atvinnugreinum

Línur

Dráttarvextir og tilkynninga- og greiðslugjald (oft nefnd „seðilgjald“) eru að jafnaði bókuð eftir lýsingu á línu eða vörunúmeri seljanda. Athuga þer samt að seðilgjöld bera mismunandi nöfn eftir seljendum, sbr. útskriftargjald eða póstburðargjald.

Greiðsluupplýsingar

Hafi sendandi sett inn upplýsingar um greiðslumáta reiknings þá getur greiðandi reiknings nýtt þessar upplýsingar til að greiða reikninginn eftir að hann hefur verið samþykktur til greiðslu. Fjárhags- og bókhaldskerfi greiðanda getur þá lesið inn greiðslufyrirmæli úr reikningi og sett þær upplýsingar sem þær koma fram í greiðsludagbók og greiðsluskrá sem send er til viðskiptabanka greiðanda.

Innlestur greiðslna á innheimtukröfum

Þó að rafrænir reikningar séu innleiddir má að sjálfsögðu áfram gefa út innheimtukröfur vegna þeirra með sama vinnulagi og áður hefur tíðkast. Þar með er hagræði af útgáfu innheimtukrafna áfram tryggt. Til dæmis birtast kröfur áfram í netbanka greiðanda. Sé gefin út krafa vegna reiknings getur útgefandi reiknings/móttakandi greiðslu áfram lesið inn greiðsluskrá frá viðskiptabanka sínum vegna útgefina innheimtukrafna og nýtt þær til að gera upp greiðslur í sínu fjárhags- og bókhaldskerfi. Þá eru einkvæm gildi á kröfum notuð til að para þær gagnvart reikningum. Einkvæm gildi á kröfum eru kröfunúmer, gjaldldagi og kennitala kröfuhafa. Greiðsluskrá

má nálgast frá viðskiptabanka með vefþjónustu eða með því að sækja greiðsluskrár úr netbönkum á textaformi. Greiðsluskrám er miðlað til útgefanda innheimtukrafna eftir hvern bankadag þegar allar greiðslur hafa verið bókaðar af bönkunum.

Ónauðsynlegt er að breyta þessu vinnulagi þó rafrænir reikningar séu innleiddir og hætt sé að nota pappírreikninga. Rafrænir reikningar hafa þannig heldur engin áhrif á möguleika útgefanda reikninga til að láta bankakerfið áfram dráttarvaxtareikna kröfur eða leggja á þær önnur gjöld eftir atvikum. Einnig má áfram senda þær áfram til milliinnheimtu ef óeðlilegur dráttur verður á greiðslu.

- Greiðslumáti (Payment Means).
- Greiðsluskilmálar (Payment Terms).
- Legal Monetary Total.

Til að hægt sé að nota greiðslumátakóta úr rafrænum reikningi þarf að setja upp möppun á milli greiðslumátakóta í keytunum og greiðslumátakóta í viðskiptakerfinu. Dæmi um kóta í rafrænum reikningi:

Kóti - lýsing

- 1 Greiðslumátakóti ekki skilgreindur í rafrænum reikningi.
- 10 Borgað með peningum.
- 20 Borgað með ávísun.
- 31 Millifærsla.
- 42 Greiðsla á innlandan bankareikning.
- 48 Kreditkort.
- 49 Kráfa.
- 50 Póstgíró.
- 93 C-gíró.
- 97 Samkomulag milli kaupanda og seljanda.

Greiðsla með kröfu

Þegar krafa hefur verið stofnuð vegna reiknings má setja niður upplýsingar um kröfuna á reikninginn til að auðvelda greiðslu. Eftirfarandi upplýsingar þarf til að greiða kröfuna.

- Kt. kröfuhafa (útgefanda reiknings).
- Sex stafa kröfunúmer.
- Tveggja stafa færslulykill 03 ef krafa er greidd að fullu og 01 ef greiða á inn á kröfu (aðeins hægt ef kröfuhafi leyfir innágreiðslu á viðkomandi kröfu).
- Fjögurra stafa bankanúmer.
- Höfuðbók- alltaf 66.
- Gjalddagi á forminu ddmmaa.

T.d. 5810080150 000001 03 0301 66 011209

Óþarfi er að blanda reikningsnúmeri í upplýsingar um kröfu. Bankakerfið sér um að miðla greiðslu á réttan reikning hjá viðtakanda greiðslu.

Greiðsla á milli íslenskra lögaðila í ISK

- Nafn/Kennitala móttakanda.
- Reikningsnúmer móttakanda.

Greiðsla á milli íslenskra lögaðila í erlendri mynt

A. Þegar greitt er inn á IG reikninga þar sem greiðandi og viðtakandi eiga báðir reikning.

Upplýsingar sem þarf:

- Nafn móttakanda.
- Reikningsnúmer.

B. Þegar greitt er inn á IG reikninga á milli innlendra banka.

Upplýsingar sem þarf:

- Nafn móttakanda.
- Reikningsnúmer.
- Mynt.
- Swift númer viðkomandi reikningsbanka.

Greiðsla til erlends lögaðila innan Evrópu

Þegar greitt er inn á reikninga innan Evrópusvæðisins

Upplýsingar sem þarf:

- Nafn móttakanda.
- Heimilisfang.
- Borg.
- Land.
- Iban reikningsnúmer.
- Mynt.
- SWIFT númer viðkomandi reikningsbanka.

Dæmi um greiðslufyrirmæli:

Settlement Instructions for Nýi Kaupthing Banki (ESJAISRE)

INSTRUCTION FOR INTERNATIONAL PAYMENTS TO:

PAYMENT IN EUR

Beneficiary

Beneficiary's account

Beneficiary's Bank: NYI KAUPTHING BANKI HF.

Swift: ESJAISRE

(Kaupthing correspondence bank for EUR is Swift: CHASDEFX)